

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um aðgerðir gegn hryðjuverkastarfsemi, nr. 448/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir skulu bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

- 4.5 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/455 frá 26. febrúar 2026 um þvingunaraðgerðir í því skyni að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi, um niðurfellingu á 2., 3. og 3. gr. a í sameiginlegri afstöðu 2001/931/SSUÖ um beitingu sértækra ráðstafana í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi og um niðurfellingu ákvörðunar (SSUÖ) 2025/1577 og ákvörðunar (SSUÖ) 2026/421, sbr. fylgiskjal 4.5.
- 5.9 Reglugerð ráðsins (ESB) 2026/456 frá 26. febrúar 2026 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2580/2001 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum og rekstrar-einingum í því skyni að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/1578 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2026/420, sbr. fylgiskjal 5.9.

2. gr.

Frysting fjármuna.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 20. apríl 2026.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 4.5.**ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2026/455****frá 26. febrúar 2026**

um þvingunaraðgerðir í því skyni að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi, um niðurfellingu á 2., 3. og 3. gr. a í sameiginlegri afstöðu 2001/931/SSUÖ um beitingu sértækra ráðstafana í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi og um niðurfellingu ákvörðunar (SSUÖ) 2025/1577 og ákvörðunar (SSUÖ) 2026/421

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 21. september 2001 lýsti leiðtoga ráðið því yfir að hryðjuverkastarfsemi væri raunverulegt viðfangsefni fyrir heiminn og Evrópu að kljást við og að baráttan gegn hryðjuverkastarfsemi verði forgangsmarkmið Sambandsins.
- 2) Hinn 28. september 2001 samþykkti öryggisráð Sameinuðu þjóðanna ályktun nr. 1373 (2001) þar sem settar voru fram margvíslegar aðferðir til að berjast gegn hryðjuverkum, einkum fjármögnun hryðjuverka.
- 3) Hinn 19. október 2001 lýsti leiðtoga ráðið því yfir að það væri staðráðið í að berjast gegn hryðjuverkum, í hvaða mynd sem er, um heim allan og að það myndi halda áfram viðleitni sinni til að styrkja samstöðu alþjóðasamfélagsins í baráttunni gegn hryðjuverkum á hvaða formi og í hvaða mynd sem er.
- 4) Hinn 27. desember 2001 samþykkti ráðið sameiginlega afstöðu 2001/931/SSUÖ⁽¹⁾, sem kemur ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1373 (2001) til framkvæmda. Í sameiginlegu afstöðunni 2001/931/SSUÖ er kveðið á um frýstingu fjármuna og annarra fjáreigna eða efnahagslegs auðs aðila, hópa og rekstrareininga sem eru á skrá í viðaukanum við hana, og lagt bann við því að fjármunir, fjáreignir eða efnahagslegur auður eða fjármálaþjónusta eða önnur tengd þjónusta sé gerð aðgengileg, með beinum eða óbeinum hætti, þeim aðilum, hópum og rekstrareiningum sem eru á skrá í viðaukanum, eða komi þeim til góða.
- 5) Hinn 12. desember 2024 samþykkti ráðið ályktanir um framtíðarforgangsverkefni til að styrkja sameiginlegar aðgerðir Sambandsins og aðildarríkja þess gegn hryðjuverkum, sem leggja áherslu á að fjármögnun hryðjuverka sé alvarleg og kerfisbundin ógn við öryggi með því að gera hópum kleift að afla liðsmanna, skipuleggja, þjálfra sig fyrir og framkvæma árásir.
- 6) Í niðurstöðum sínum frá 16. desember 2024 um að styrkja tengslin milli ytri og innri þátta í baráttunni gegn hryðjuverkum og ofbeldisfullri öfgahyggju lagði ráðið áherslu á að öryggi Sambandsins og aðildarríkja þess stafi áfram veruleg ógn af hryðjuverkum og ofbeldisfullri öfgahyggju, hvernig sem það birtist og án tillits til uppruna.
- 7) Í ljósi þess hversu alvarleg sú ógn er þykir rétt að kveða á um viðbótarþvingunaraðgerðir í því skyni að berjast gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi.
- 8) Leiðandi aðilar í hópum og rekstrareiningum, sem falla undir ráðstafanirnar sem settar eru fram í 2. og 3. gr. í sameiginlegri afstöðu 2001/931/SSUÖ, gegna lykilhlutverki við að skipuleggja, auðvelda, undirbúa eða fremja hryðjuverk sem unnin eru af þessum hópum og rekstrareiningum. Þetta á einkum við um leiðtoga slíkra hópa og rekstrareininga, stjórnarmenn þeirra eða fulltrúa slíkra hópa og rekstrareininga sem hvetja til, verja eða réttlæta að hryðjuverk séu framin. Því þykir rétt að heimila samþykkt þvingunaraðgerða gegn leiðandi aðilum í hópum og rekstrareiningum sem falla undir ráðstafanirnar sem settar eru fram í 2. og 3. gr. í sameiginlegri afstöðu 2001/931/SSUÖ.
- 9) Til að auka skilvirkni ráðstafana sem samþykktar eru gegn einstaklingum sem eru viðriðnir hryðjuverk ætti að vera mögulegt, auk ráðstafana sem varða frýstingu eigna, að beita ráðstöfunum sem fela í sér ferðabann gegn slíkum einstaklingum.
- 10) Til að berjast gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi með skilvirkari hætti þykir auk þess rétt að heimila samþykkt þvingunaraðgerða gegn aðilum, hópum og rekstrareiningum sem tengjast aðilum, hópum og rekstrareiningum sem eru viðriðin hryðjuverk, þ.m.t. með þátttöku sinni í að fjármagna, skipuleggja, auðvelda, undirbúa eða fremja hryðjuverk eða með því að koma að þjálfun í að fremja hryðjuverk eða liðssöfnun til góða fyrir þá sem eru viðriðnir hryðjuverk.

- 11) Fyrir skýrleika sakir ætti að steypa þeim þvingunaraðgerðum og tengdum undanþágum, sem settar eru fram í 2., 3. og 3. gr. a í sameiginlegri afstöðu 2001/931/SSUÖ, og ofangreindum viðbótarráðstöfununum, saman í einn lagagerning.
- 12) Því ætti að fella 2., 3. og 3. gr. a í sameiginlegri afstöðu 2001/931/SSUÖ úr gildi til samræmis við það.
- 13) Auk þess að bæta við viðbótarráðstöfunum tekur þessi ákvörðun upp að nýju efnisatriði 1., 2., 3. og 3. gr. a í sameiginlegri afstöðu 2001/931/SSUÖ sem verður beitt áfram í samræmi við dómaframkvæmd Dómstóls Evrópusambandsins.
- 14) Hinn 29. júlí 2025 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2025/1577 ⁽²⁾ um uppfærslu á skránni yfir aðila, hópa og rekstrareiningar sem heyra undir sameiginlega afstöðu 2001/931/SSUÖ („skráin“). Hinn 19. febrúar 2026 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2026/421 ⁽³⁾ sem bætti einni rekstrareiningu á skrána. Í samræmi við sameiginlega afstöðu 2001/931/SSUÖ og þessa ákvörðun er nauðsynlegt að endurskoða með reglulegu millibili nöfn aðila, hópa og rekstrareininga á skránni til að tryggja að ástæða sé til að hafa þá þar áfram.
- 15) Ráðið hefur framkvæmt þá endurskoðun og komist að þeirri niðurstöðu að þvingunaraðgerðirnar, sem teknar eru upp í sameiginlegri afstöðu 2001/931/SSUÖ og sem um getur í 2. gr. þessarar ákvörðunar, ættu áfram að gilda um aðila, hópa og rekstrareiningar sem um getur í I. viðauka við þessa ákvörðun. Því ætti að fella ákvörðun (SSUÖ) 2025/1577 og ákvörðun (SSUÖ) 2026/421 úr gildi.
- 16) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum ráðstöfunum í framkvæmd.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

1. Að því er varðar þessa ákvörðun merkir „hryðjuverk“ einn eftirtalinna verknaða sem framinn er af ásetningi og, vegna eðlis eða samhengis, getur valdið landi eða alþjóðastofnun miklum skaða, og skilgreindur er sem brot samkvæmt landslögum, ef verknaðurinn er framinn með það að markmiði að:

- i. valda almenningi verulegum ótta eða
- ii. þvinga stjórnvöld eða alþjóðastofnun með óréttmætum hætti til aðgerða eða aðgerðaleyfis eða
- iii. veikja verulega eða skaða pólitíska, stjórnskipulega, efnahagslega eða félagslega innviði ríkis eða alþjóðastofnunar:
 - a) líkamsárásir sem geta leitt til dauða,
 - b) árásir á líkamlega friðhelgi einstaklings,
 - c) mannrán eða gíslataka,
 - d) stórfelld eignaspjöll á mannvirkjum ríkisstjórnar eða almenningseign, flutningakerfi, grunnvirki, þ.m.t. upplýsingakerfi, botnföstu mannvirki á landgrunni, stað ætluðum almenningi eða eignum í einkaeign, ef það er til þess fallið að stofna lífi fólks í hættu eða valda miklu fjárhagslegu tjóni,
 - e) taka lofffars, skips eða samgöngutækis til fólks- eða vöruflutninga,
 - f) framleiðsla, varsla, öflun, flutningur, dreifing eða notkun sprengiefna eða vopna, þ.m.t. efnavopna, sýklavopna, geislavopna eða kjarnavopna, og rannsóknir og þróun á efna-, sýkla, geisla- eða kjarnavopnum,
 - g) losun hættulegra efna eða það að valda eldsvoðum, sprengingum eða flóðum sem stofna lífi fólks í hættu,
 - h) röskun eða truflun á vatnsveitu, rafveitu eða öðrum lyklnáttúruauðlindum ef það er til þess fallið að stofna lífi fólks í hættu,
 - i) hótun um að framkvæma einhvern af þeim verknuðum sem taldir eru upp í a- til h-lið,
 - j) stjórnun hryðjuverkasamtaka,
 - k) þátttaka í starfsemi hryðjuverkasamtaka, þ.m.t. með því að útvega upplýsingar eða aðbúnað eða með hvers konar fjármögnun á starfsemi þeirra, vitandi að slík þátttaka muni stuðla að brota-starfsemi samtakanna,
 - l) ólögleg kerfistruflun eða hótun um að framkvæma ólöglega kerfistruflun, eins og um getur í 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/40/ESB ⁽⁴⁾ í þeim tilvikum þar sem 3. mgr. 9. gr. eða b- eða c-liður 4. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar gildir, og ólöglegt gagnatruflun eða hótun um að framkvæma ólögleg gagnatruflun, eins og um getur í 5. gr. tilskipunarinnar, í þeim tilvikum þar sem c-liður 4. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar gildir.

2. Að því er l. mgr. varðar merkja „hryðjuverkasamtök“: samhæfð samtök sem samanstanda af fleiri en tveimur aðilum, sem fyrirfinnast á ákveðnu tímabili og starfa saman að því að fremja hryðjuverk. „Samhæfð samtök“ merkja samtök sem eru ekki mynduð með tilviljunarkenndum hætti til að fremja hryðjuverk þegar í stað og þar sem hlutverkaskipting meðlima þarf ekki að vera formlega ákveðin, þátttaka í þeim varanleg eða uppbygging þeirra fastmótuð.

2. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem beint eða óbeint tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareininga, sem fremja, eða gera tilraun til þess að fremja, hryðjuverk eða taka þátt í eða stuðla að því að hryðjuverk séu framin og eru á skrá í I. viðauka.

2. Skráin í I. viðauka skal tekin saman á grundvelli nákvæmra upplýsinga eða gagna í viðkomandi skrá sem sýna fram á að lögbært stjórnvald hafi tekið ákvörðun að því er varðar viðkomandi einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareiningar um að hefja rannsókn á eða saksókn vegna hryðjuverks, tilraunar til að fremja, taka þátt í eða auðvelda slíkan verknað, á grundvelli alvarlegra og trúverðugra sönnunargagna eða visbendinga, eða dóm fyrir slíkan verknað.

3. Að því er 2. mgr. varðar skal „lögbært stjórnvald“ merkja dómsyfirvald eða, ef dómsyfirvöld hafa engar valdheimildir á því sviði sem fellur undir þá málsgrein, samsvarandi lögbært stjórnvald á því sviði.

4. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem með beinum eða óbeinum hætti tilheyra eða eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn:

- a) lögaðila, hópa eða rekstrareininga sem eru með beinum eða óbeinum hætti í eigu eða undir stjórn einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareininga sem eru á skrá í I. viðauka,
- b) einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareininga sem koma fram fyrir hönd eða starfa eftir fyrirmælum einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareininga sem eru á skrá í I. viðauka,
- c) leiðandi aðila hjá lögaðilum, hópum eða rekstrareiningum sem eru á skrá í I. viðauka eða
- d) einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareininga sem tengjast einstaklingum, lögaðilum, hópum eða rekstrareiningum sem eru á skrá í I. viðauka, þ.m.t. með því:
 - i. að taka þátt í að fjármagna hryðjuverk sem framin eru af, í tengslum við, í nafni, fyrir hönd eða til stuðnings einstaklingum, lögaðilum, hópum eða rekstrareiningum sem eru á skrá í I. viðauka,
 - ii. að taka þátt í að skipuleggja, auðvelda, undirbúa eða fremja hryðjuverk sem unnin eru af, í tengslum við, í nafni, fyrir hönd eða til stuðnings einstaklingum, lögaðilum, hópum eða rekstrareiningum sem eru á skrá í I. viðauka,
 - iii. að veita eða hljóta þjálfun í að fremja hryðjuverk, s.s. tilsögn í tengslum við vopn, sprengibúnað eða aðrar aðferðir eða tækni, sem kemur einstaklingum, lögaðilum, hópum eða rekstrareiningum sem eru á skrá í I. viðauka til góða eða
 - iv. að taka þátt í liðsöfnun til góða fyrir einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareiningar í því skyni að skipuleggja, auðvelda, undirbúa eða fremja hryðjuverk sem eru á skrá í I. viðauka,

og sem eru á skrá í II. viðauka.

5. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur þeim einstaklingum eða lögaðilum, hópum og rekstrareiningum sem eru á skrá í I. og II. viðauka, með beinum eða óbeinum hætti, eða koma þeim til góða.

6. Þrátt fyrir 1., 4. og 5. mgr. geta lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að viðkomandi fjármunir eða efnahagslegur auður sé:

- a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra aðila sem eru á skrá í I. og II. viðauka og aðstandenda á framfæri þeirra, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og lækni meðferðar, skattheimtu, tryggingariðgjalda og opinberra þjónustugjalda,
- b) eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun eða til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðisþjónustu,
- c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknunir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs,
- d) nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að viðkomandi lögbært stjórnvald hafi tilkynnt lögbærum stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni forsendurnar fyrir því að það telji að veita ætti sérstaka heimild, a.m.k. tveimur vikum áður en heimildin er veitt eða

- e) til þess að greiða inn á eða út af reikningi sendi- eða ræðisskrifstofu eða alþjóðastofnunar, sem nýtur friðhelgi að þjóðarétti, að því leyti sem slíkar greiðslur eru ætlaðar til nota í opinberum tilgangi af hálfu viðkomandi sendi- eða ræðisskrifstofu eða alþjóðastofnunar.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

7. Þrátt fyrir 1. og 4. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé andlag ákvörðunar gerðardóms, sem fyrir liggur fyrir þann dag þegar viðkomandi einstaklingur, lögaðili, hópur eða rekstrareining, er um getur í 1. og 4. mgr., var færð á skrá í I. eða II. viðauka, eða andlag ákvörðunar dómstóls eða stjórnvalds innan Sambandsins eða ákvörðunar dómstóls sem er aðfararhæf í viðkomandi aðildarríki fyrir, eftir eða á þeim degi,
- b) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði einungis notaður til að uppfylla kröfur, sem slík ákvörðun tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt slíkri ákvörðun, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila, sem eiga slíkar kröfur, kveða á um,
- c) að ákvörðunin sé ekki í þágu einstaklings, lögaðila, hóps eða rekstrareiningar, sem er á skrá í I. eða II. viðauka, og
- d) að viðurkenning ákvörðunarinnar stríði ekki gegn allsherjarreglu í hlutaðeigandi aðildarríki.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

8. Ákvæði 1. og 4. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að tilgreindur einstaklingur, lögaðili, hópur eða rekstrareining geti innt af hendi greiðslu samkvæmt samningi sem var gerður áður en slíkur einstaklingur, lögaðili, hópur eða rekstrareining var færð á skrána, að því tilskildu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi gengið úr skugga um að einstaklingurinn, lögaðilinn, hópurinn eða rekstrareiningin, sem um getur í 1. eða 4. mgr., fái ekki greiðsluna í hendur með beinum eða óbeinum hætti.

9. Ákvæði 5. mgr. gilda ekki um eftirtaldar viðbætur við frysta reikninga:

- a) vexti eða aðrar tekjur af fyrrnefndum reikningum, að því tilskildu að slíkir vextir eða aðrar tekjur falli áfram undir aðgerðirnar, sem kveðið er á um í 1. og 4. mgr.,
- b) greiðslur, sem inna ber af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum, sem gengið var frá eða urðu til áður en þessir reikningar féllu undir aðgerðirnar sem kveðið er á um í 1., 4. og 5. mgr., að því tilskildu að slíkar greiðslur falli áfram undir aðgerðirnar sem kveðið er á um í 1. og 4. mgr., eða
- c) greiðslur, sem inna ber af hendi samkvæmt ákvörðunum dóms, stjórnarsýslustofnunar eða gerðardóms, sem teknar eru í Sambandinu eða eru aðfararhæfar í viðkomandi aðildarríki, að því tilskildu að slíkar greiðslur falli áfram undir aðgerðirnar sem kveðið er á um í 1. og 4. mgr.

10. Ákvæði 1., 4. og 5. mgr. skulu ekki gilda um útvegum, vinnslu eða greiðslu fjármuna eða efnahagslegs auðs eða útvegum vara og þjónustu sem nauðsynleg er til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks þegar slík aðstoð og önnur starfsemi er framkvæmd af hálfu:

- a) Sameinuðu þjóðanna (SP), þ.m.t. áætlana þeirra, sjóða og annarra rekstrareininga og stofnana, sem og sérstofnana þeirra og tengdra stofnana,
- b) alþjóðastofnana,
- c) stofnana á sviði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi SP og aðila að þessum mannúðarstofnunum,
- d) frjálsra félagasamtaka með tvíhliða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlunum SP um mannúðaraðstoð, viðbragðsáætlunum SP vegna flóttafólks, öðrum áköllum SP eða klösum á sviði mannúðarmála sem samhæfingarskrifstofa aðgerða SP í mannúðarmálum samhæfir,
- e) samtaka og fagstofnana, sem Sambandið hefur veitt vottorð um samstarf í mannúðarmálum (e. Humanitarian Partnership Certificate) eða sem hafa vottun eða viðurkenningu frá aðildarríki í samræmi við landsbundna málsmeðferð,
- f) sérstofnana aðildarríkjanna,
- g) starfsfólks, styrkþega, dótturfélaga eða framkvæmdaraðila þeirra rekstrareininga sem um getur í a- til f-lið á meðan og að því marki sem þeir starfa í þessum stöðum.

11. Með fyrirvara um 10. mgr. og þrátt fyrir 1., 4. og 5. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að þessir fjármunir eða efnahagslegur auður sé nauðsynlegur til að tryggja megi tímanlega mannúðaraðstoð eða til að styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks.

12. Ef ekki liggur fyrir neikvæð ákvörðun, beiðni um upplýsingar eða tilkynning um viðbótartíma frá viðkomandi lögbæru stjórnvaldi innan fimm virkra daga frá viðtökudegi beiðni um heimild skv. 11. mgr. skal líta svo á að heimildin hafi verið veitt.

13. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 11. mgr. innan fjögurra vikna frá því að hún er veitt.

3. gr.

1. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari einstaklingar sem fremja, eða gera tilraun til að fremja, hryðjuverk eða taka þátt í eða stuðla að framkvæmd hryðjuverka, sem eru á skrá í III. viðauka.

2. Skráin í III. viðauka skal tekin saman á grundvelli nákvæmra upplýsinga eða gagna í viðkomandi skrá sem sýna fram á að lögbært stjórnvald hafi tekið ákvörðun að því er varðar viðkomandi einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareiningar um að hefja rannsókn á eða saksókn vegna hryðjuverks, tilraunar til að fremja, taka þátt í eða auðvelda slíkan verknáð, á grundvelli alvarlegra og trúverðugra sönnunargagna eða vísbendinga, eða dóm fyrir slíkan verknáð.

3. Að því er 2. mgr. varðar skal „lögbært stjórnvald“ merkja dómsyfirvald eða, ef dómsyfirvöld hafa engar valdheimildir á því sviði sem fellur undir þá málsgrein, samsvarandi lögbært stjórnvald á því sviði.

4. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hindra að inn á yfirráðasvæði þeirra komi eða um þau fari:

- a) einstaklingar sem koma fram fyrir hönd eða starfa eftir fyrirmælum einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareininga sem eru á skrá í I. eða III. viðauka,
- b) leiðandi aðilar hjá lögaðilum, hópum eða rekstrareiningum sem eru á skrá í I. viðauka eða
- c) einstaklingar sem tengjast einstaklingum, lögaðilum, hópum eða rekstrareiningum sem eru á skrá í I. eða III. viðauka, þ.m.t. með því:
 - i. að taka þátt í að fjármagna hryðjuverk sem framin eru af, í tengslum við, í nafni, fyrir hönd eða til stuðnings einstaklingum, lögaðilum, hópum eða rekstrareiningum sem eru á skrá í I. eða III. viðauka,
 - ii. að taka þátt í að skipuleggja, auðvelda, undirbúa eða fremja hryðjuverk sem unnin eru af, í tengslum við, í nafni, fyrir hönd eða til stuðnings einstaklingum, lögaðilum, hópum eða rekstrareiningum sem eru á skrá í I. eða III. viðauka,
 - iii. að veita eða hljóta hjálfun í að fremja hryðjuverk, s.s. tilsögn í tengslum við vopn, sprengibúnað eða aðrar aðferðir eða tækni, sem kemur einstaklingum, lögaðilum, hópum eða rekstrareiningum sem eru á skrá í I. eða III. viðauka til góða eða
 - iv. að taka þátt í liðssöfnun til góða fyrir einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareiningar í því skyni að skipuleggja, auðvelda, undirbúa eða fremja hryðjuverk sem eru á skrá í I. eða III. viðauka,

sbr. skrána í IV. viðauka.

5. Ákvæði 1. og 4. mgr. skuldbinda ekki aðildarríki til að meina eigin ríkisborgurum komu inn á yfirráðasvæði sitt.

6. Ákvæði 1. og 4. mgr. skulu ekki hafa áhrif á þau tilvik þegar aðildarríki er skuldbundið að þjóðarétti, nánar tiltekið:

- a) sem gistiland alþjóðlegrar milliríkjastofnunar,
- b) sem gistiland alþjóðlegrar ráðstefnu sem Sameinuðu þjóðirnar boða til eða fram fer á þeirra vegum,
- c) samkvæmt marghliða samningi þar sem kveðið er á um forréttindi og friðhelgi eða
- d) samkvæmt sáttasamningnum frá 1929 (Lateran-samningnum) sem Páfagarður (Vatíkanborgríkið) og Ítalía gerðu sín á milli.

7. Ákvæði 6. mgr. skulu einnig eiga við í tilvikum þar sem aðildarríki er gistiland Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu (ÖSE).

8. Ráðinu skal tilkynnt með viðeigandi hætti um öll tilvik þegar aðildarríki veitir undanþágu skv. 6. eða 7. mgr.
9. Aðildarríki geta veitt undanþágu frá þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 1. mgr. ef ferð er réttlætt af knýjandi mannúðarástæðum eða með þátttöku í fundum alþjóðlegrar milliríkjastofnunar eða fundum sem Sambandið styður eða heldur eða sem haldnir eru í því aðildarríki sem fer með formennsku í ÖSE hverju sinni, þar sem fram fara stjórn málaumræður sem efla með beinum hætti stefnumarkmið þvingunaraðgerðanna.
10. Aðildarríki geta einnig veitt undanþágu frá þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 1. og 4. mgr. ef koma eða gegnumferð er nauðsynleg til þess að meðferð dómstóla eða afplánun dóms í varðhaldsstöð í aðildarríki geti farið fram.
11. Aðildarríki, sem óskar eftir að veita undanþágu, sem um getur í 9. eða 10. mgr., skal tilkynna ráðinu það skriflega. Undanþága skal teljast veitt nema einn eða fleiri fulltrúar ráðsins andmæli því skriflega innan tveggja virkra daga frá því að tilkynning berst um fyrirhugaða undanþágu. Ef einn fulltrúi í ráðinu eða fleiri hreyfa andmælum getur ráðið tekið ákvörðun, með auknum meirihluta, um að veita fyrirhugaða undanþágu.
12. Heimili aðildarríki, skv. 6., 7., 9., 10. eða 11. mgr. að einstaklingar, sem eru á skrá í III. eða IV. viðauka, komi inn á yfirráðasvæði þess eða fari þar um skal heimildin einskorðast við þann tilgang sem hún er veitt í og við þá einstaklinga sem hún varðar beint.

4. gr.

1. Ráðið skal einróma, að fenginni tillögu frá aðildarríki eða æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“), taka ákvörðun um að stofna skrárnar í I., II., III. og IV. viðauka og gera breytingar á þeim.
2. Ráðið skal tilkynna ákvörðun sína skv. 1. mgr., þ.m.t. greinargerð með ástæðum skráningarinnar, hlutaðeigandi einstaklingi, lögaðila, hópi eða rekstrareiningu, annaðhvort milliliðalaust, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða með útgáfu tilkynningar þar sem fyrrmefndum einstaklingi, lögaðila, hópi eða rekstrareiningu býðst að leggja fram athugasemdir sínar.
3. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram skal ráðið endurskoða ákvörðun sína skv. 1. mgr. og upplýsa viðkomandi einstakling, lögaðila, hóp eða rekstrareiningu um niðurstöðuna.

5. gr.

Í I., II., III. og IV. viðauka skulu vera nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareiningar. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra og tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, ríkisfang, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, hópa eða rekstrareiningar geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.

6. gr.

1. Ráðið og æðsti fulltrúinn mega vinna persónuupplýsingar til að geta sinnt verkefnum sínum samkvæmt þessari ákvörðun, nánar tiltekið:
 - a) að því er varðar ráðið, vegna undirbúnings og breytinga á I., II., III. og IV. viðauka,
 - b) að því er varðar æðsta fulltrúann, vegna undirbúnings breytinga á I., II. III. og IV. viðauka.
2. Ráðinu og æðsta fulltrúanum er, eftir atvikum, einungis heimilt að vinna viðeigandi upplýsingar sem varða refsiverð brot, framin af skráðum einstaklingum, sakfellingar slíkra einstaklinga í refsimálum eða öryggisráðstafanir sem varða þá að því marki sem slík vinnsla er nauðsynleg vegna undirbúnings I., II. III. og IV. viðauka.
3. Að því er varðar þessa ákvörðun eru ráðið og æðsti fulltrúinn tilgreind sem „ábyrgðaraðilar“ í skilningi 8. liðar 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ⁽⁵⁾, til að tryggja að viðkomandi einstaklingar geti neytt réttar síns samkvæmt þeirri reglugerð.

7. gr.

1. Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum þegar aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt ákvörðun þessari, hafa áhrif á framkvæmd þeirra með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysisbætur eða aðrar ámóta kröfur, t.d. bótakröfur eða kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa, ábyrgðar eða skaðleysisbóta og þá sérstaklega fjárhagslegrar ábyrgðar eða fjárhagslegra skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:
 - a) tilgreindum einstaklingum, lögaðilum, hópum eða rekstrareiningum sem eru á skrá í I. eða II. viðauka,
 - b) einstaklingi, lögaðila, hópi eða rekstrareiningu sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareininga er um getur í a-lið.

2. Þegar mál er til meðferðar vegna fullnægingar kröfu skal sönnunarbyrði vegna þeirrar fullyrðingar að eigi sé bannað skv. 1. mgr. að efna kröfuna hvíla á þeim einstaklingi, lögaðila, hópi eða rekstrareiningu sem leitar eftir því að kröfunni verði fullnægt.

3. Ákvæði þessarar greinar eru með fyrirvara um rétt þeirra einstaklinga eða lögaðila, hópa og rekstrareininga, er um getur í 1. mgr., til að skjóta málum til dómstóla sem skeri úr um lögmæti þess að samningsbundnar skyldur séu ekki uppfylltar í samræmi við ákvörðun þessa.

8. gr.

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits eða af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því eða hefur þau áhrif að þau bönn, sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun, eru sniðgengin.

9. gr.

Til þess að þær aðgerðir, sem eru settar fram í ákvörðun þessari, hafi sem mest áhrif skal Sambandið hvetja þriðju ríki til að samþykkja þvingunaraðgerðir í líkingu við þær sem kveðið er á um í ákvörðun þessari.

10. gr.

1. Ákvörðun þessi skal vera til stöðugar endurskoðunar. Nöfn einstaklinga eða lögaðila, hópa og rekstrareininga á skránum í I., II., III. og IV. viðauka skal endurskoða með reglulegu millibili og a.m.k. á sex mánaða fresti til að tryggja að ástæða sé til að hafa þá áfram í þeim viðaukum.

2. Undantekningarnar sem um getur í 8. og 9. mgr. 2. gr. skal endurskoða með reglulegu millibili og a.m.k. á 24 mánaða fresti, eða að brýnni beiðni aðildarríkis, ædsta fulltrúans eða framkvæmdastjórnarinnar í kjölfar grundvallarbreytingar á aðstæðum. Ákvæði 8. mgr. 2. gr. gilda til 22. febrúar 2027.

11. gr.

1. Ákvæði 2., 3. og 3. gr. a í sameiginlegri afstöðu 2001/931/SSUÖ eru hér með felld úr gildi.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu ákvæðin sem tilvísanir í samsvarandi ákvæði þessarar ákvörðunar og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í V. viðauka.

3. Ákvörðun (SSUÖ) 2025/1577 og ákvörðun (SSUÖ) 2026/421 eru hér með felldar úr gildi.

12. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2026.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti

M. DAMIANOS

⁽¹⁾ Sameiginleg afstaða ráðsins 2001/931/SSUÖ frá 27. desember 2001 um beitingu sértækra ráðstafa í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi (Stjtið. ESB L 344, 28.12.2001, bls. 93, ELI: <http://data.europa.eu/eli/compos/2001/931/oj>).

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/1577 frá 29. júlí 2025 um uppfærslu á skránni yfir aðila, hópa og rekstrareiningar sem falla undir sameiginlega afstöðu 2001/931/SSUÖ um beitingu sértækra ráðstafa í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi og um niðurfellingu ákvörðunar (SSUÖ) 2025/207 (Stjtið. ESB L, 2025/1577, 30.7.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/1577/oj>).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/421 frá 19. febrúar 2026 um breytingu á ákvörðun (SSUÖ) 2025/1577 um uppfærslu á skránni yfir aðila, hópa og rekstrareiningar sem falla undir sameiginlega afstöðu 2001/931/SSUÖ um beitingu sértækra ráðstafa í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi (Stjtið. ESB L, 2026/421, 19.2.2026, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2026/421/oj>).

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/40/ESB frá 12. ágúst 2013 um árásir gegn upplýsingakerfum og um að skipta út rammaákvörðun ráðsins 2005/222/DIM (Stjtið. ESB L 218, 14.8.2013, bls. 8, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2013/40/oj>).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj>).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ESB: <https://data.europa.eu/eli/dec/2026/455/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frýstingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <https://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 5.9.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2026/456****frá 26. febrúar 2026**

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2580/2001 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í því skyni að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/1578 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2026/420

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/455 frá 26. febrúar 2026 um þvingunaraðgerðir í því skyni að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi, um niðurfellingu á 2., 3. og 3. gr. a í sameiginlegri afstöðu 2001/931/SSUÖ um beitingu sértækra ráðstafana í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi og um niðurfellingu ákvörðunar (SSUÖ) 2025/1577 og ákvörðunar (SSUÖ) 2026/421 ⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með ákvörðun (EB) nr. 2580/2001 ⁽²⁾ kemur sameiginleg afstaða 2001/931/SSUÖ ⁽³⁾ til framkvæmda og kveðið er á um frystingu eigna tiltekinna aðila, hópa og rekstrareininga sem og bann við því að gera fjármuni eða efnahagslegan auð aðgengilegan þeim sem eru á skrá.
- 2) Í ljósi þeirrar viðvarandi ógnar sem öryggi Evrópusambandsins og aðildarríkja þess stafar af hryðjuverkum og ofbeldisfullri öfgahyggju samþykkti ráðið 26. febrúar 2026 ákvörðun (SSUÖ) 2026/455, sem felldi niður 2., 3. og 3. gr. a og tók upp að nýju efnisatriði 1., 2., 3. og 3. gr. a í sameiginlegri afstöðu 2001/931/SSUÖ til að kveða á um viðbótarþvingunaraðgerðir í því skyni að berjast gegn alþjóðlegri hryðjuverkastarfsemi. Með ákvörðun (SSUÖ) 2026/455 er sett ferðabann á tiltekna einstaklinga og kveðið á um möguleikann á því að samþykkja frekari aðgerðir, í formi frystingar eigna og banns við því að gera fjármuni og efnahagslegan auð aðgengilegan, gegn leiðandi aðilum hryðjuverkasamtaka eða -eininga sem sæta þvingunaraðgerðum samkvæmt ákvörðun (SSUÖ) 2026/455, sem og gegn aðilum, hópum og rekstrareiningum sem tengjast þessum aðilum, hópum og rekstrareiningum sem eru viðriðnir hryðjuverkastarfsemi.
- 3) Aðgerðirnar sem settar eru fram í ákvörðun (SSUÖ) 2026/455 falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg til þess að hrinda þeim í framkvæmd, einkum til að tryggja að beiting þeirra sé með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar ætti að fela framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að uppfæra samskiptaupplýsingar lögbærra stjórnvalda aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar.
- 4) Framkvæmdarvald til að koma á og breyta skránum í II. og III. viðauka við reglugerð þessa ætti að vera í höndum ráðsins til þess að tryggja samræmi við gildandi aðferð við að koma á, breyta og endurskoða I. og II. viðauka við ákvörðun (SSUÖ) 2026/455.
- 5) Til að uppfæra samskiptaupplýsingar lögbærra stjórnvalda aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar ætti að skipta út viðaukanum við reglugerð (EB) 2580/2001 sem inniheldur skrá yfir samskiptaupplýsingar lögbærra stjórnvalda aðildarríkjanna og heimilisfang þar sem tekið er við tilkynningum til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.
- 6) Vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar og til að tryggja sem mesta réttarvissu innan Sambandsins ætti að birta nöfn og aðrar viðeigandi upplýsingar um þá einstaklinga, lögaðila, hópa og rekstrareiningar sem til stendur að frysta fjármuni og efnahagslegan auð hjá í samræmi við þessa reglugerð. Öll vinnsla persónuupplýsinga ætti að vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 ⁽⁴⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 ⁽⁵⁾.
- 7) Hinn 29. júlí 2025 samþykkti ráðið framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/1578 ⁽⁶⁾ sem kom á uppfærðri skrá yfir aðila, hópa og rekstrareiningar sem reglugerð (EB) nr. 2580/2001 gildir um. Hinn 19. febrúar 2026 samþykkti ráðið framkvæmdarreglugerð (ESB) 2026/420 ⁽⁷⁾ sem bætti einni rekstrareiningu á þá skrá. Ráðið hefur endurskoðað þá skrá og komist að þeirri niðurstöðu að þvingunaraðgerðirnar sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 2580/2001 ættu áfram að gilda um aðila, hópa og rekstrareiningar sem eru á skrá í II. viðauka við þessa reglugerð. Fella ætti framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2025/1578 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2026/420 úr gildi.

8) Því ætti að breyta reglugerð (EB) nr. 2580/2001 til samræmis við það.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2580/2001 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. gr.“

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „krafa“: hvers kyns krafa, hvort sem henni er haldið fram í dómsmáli eða ekki, sem er gerð fyrir eða eftir þann dag þegar reglugerð þessi öðlast gildi og er samkvæmt eða tengist samningi eða viðskiptum og einkum:
 - i. krafa um efndir skuldbindinga sem leiðir af eða tengjast samningi eða viðskiptum,
 - ii. krafa um framlengingu eða greiðslu skuldabréfs, fjárhagslegrar tryggingar eða skaðleysisbóta í hvaða mynd sem er,
 - iii. bótakrafa í tengslum við samning eða viðskipti,
 - iv. gagnkrafa,
 - v. krafa um viðurkenningu eða fullnustu, m.a. með *exequatur*, dóms, úrskurðar gerðardóms eða jafngildrar ákvörðunar, óháð því hvar hann eða hún er kveðin upp eða tekin,
- b) „samningur eða viðskipti“: hvers kyns viðskipti, óháð því hvaða lög gilda um þau, hvort sem um er að ræða einn samning eða fleiri eða á móta skuldbindingar sem sömu eða mismunandi aðilar ganga frá sín á milli; í þessu sambandi felst í hugtakinu „samningur“ skuldabréf, ábyrgð eða skaðleysistrygging, einkum fjárhagsleg trygging eða fjárhagsleg skaðleysistrygging, og lán, hvort sem þau eru lagalega óháð eður ei, einnig tengd ákvæði sem verða til vegna viðskiptanna eða í tengslum við þau,
- c) „lögbær stjórnvöld“: lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna eins og þau eru tilgreind á vefsetrunum sem eru á skrá í I. viðauka,
- d) „efnahagslegur auður“: eignir af hvers kyns toga, hvort heldur efnislegar eða óefnislegar, lausafé eða fasteignir, sem eru ekki fjármunir, en unnt er að nota til að afla sér fjármuna, vara eða þjónustu,
- e) „frysting efnahagslegs auðs“: að koma í veg fyrir hvers konar nýtingu efnahagslegs auðs í því skyni að afla fjármuna, vara eða þjónustu, þ.m.t. en þó ekki eingöngu með sölu, leigu eða veðsetningu hans,
- f) „frysting fjármuna“: að koma í veg fyrir hvers konar flutning, yfirfærslu, breytingu, notkun á, aðgang að eða viðskipti með fjármuni á einhvern hátt sem myndi leiða til breytinga á umfangi þeirra, fjárhæð, staðsetningu, eignarrétti, eignarhaldi, eðli, áfangastað eða annarra breytinga sem gera notkun fjármuna mögulega, þ.m.t. stýring eignasafns,
- g) „fjármunir“: hvers konar fjáreignir og ágóði, þ.m.t. en þó ekki eingöngu:
 - i. reiðufé, ávísanir, peningakröfur, víxlar, póstávísanir og aðrir greiðslugerningar,
 - ii. inneignir hjá fjármálastofnunum eða öðrum rekstrareiningum, inneignir á reikningum, skuldir og fjárskuldbindingar,
 - iii. verðbréf og skuldaskjöl, sem viðskipti eru með á almennum markaði og utan hans, þ.m.t. hlutabréf og eignarhlutir, skírteini fyrir verðbréfum, skuldabréf, skuldaviðurkenningar, ábyrgðir, óveðtryggð skuldabréf og afleiðusamningar,
 - iv. vextir, arðgreiðslur eða aðrar tekjur eða verðmæti sem safnast upp vegna eigna eða myndast af eignum,
 - v. lánsviðskipti, réttur til skuldajöfnunar, tryggingar, fullnustuábyrgðir eða aðrar fjárskuldbindingar,
 - vi. bankaábyrgðir, farmbréf, sölureikningar,
 - vii. skjöl sem færa sönnur á hlutdeild í fjármunum eða fjármagni,
- h) „yfirráðasvæði Sambandsins“: þau yfirráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn um Evrópusambandið gildir um, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í honum, þ.m.t. loftrými þeirra,
- i) „hryðjuverk“: einn eftirtalinna verknaða sem framinn er af ásetningi og, vegna eðlis eða samhengis, getur valdið landi eða alþjóðastofnun miklum skaða, og skilgreindur er sem brot samkvæmt landslögum, ef verknaðurinn er framinn með það að markmiði að:

- i. valda almenningi verulegum ótta,
- ii. þvinga stjórnvöld eða alþjóðastofnun með óréttmætum hætti til aðgerða eða aðgerðaleyysis,
- iii. veikja verulega eða skaða pólitíska, stjórnskipulega, efnahagslega eða félagslega innviði ríkis eða alþjóðastofnunar:
 - a) líkamsárásir sem geta leitt til dauða,
 - b) árásir á líkamlega friðhelgi einstaklings,
 - c) mannrán eða gíslataka,
 - d) stórfelld eignarspjöll á mannvirkjum ríkisstjórnar eða almenningseign, flutningakerfi, grunnvirki, þ.m.t. upplýsingakerfi, botnföstu mannvirki á landgrunni, stað ætluðum almenningi eða eignum í einkaeign, ef það er til þess fallið að stofna lífi fólks í hættu eða valda miklu fjárhagslegu tjóni,
 - e) taka loftfars, skips eða samgöngutækis til fólks- eða vöruflutninga,
 - f) framleiðsla, varsla, öflun, flutningur, dreifing eða notkun sprengiefna eða vopna, þ.m.t. efnavopna, sýklavopna, geislaopna eða kjarnavopna, og rannsóknir og þróun á efna-, sýkla-, geisla- eða kjarnavopnum,
 - g) losun hættulegra efna eða það að valda eldsvoðum, sprengingum eða flóðum sem stofna lífi fólks í hættu,
 - h) röskun eða truflun á vatnsveitu, rafveitu eða öðrum lykilmáttúruauðlindum ef það er til þess fallið að stofna lífi fólks í hættu,
 - i) hótun um að framkvæma einhvern af þeim verknuðum sem taldir eru upp í a- til h-lið,
 - j) stjórnun hryðjuverkasamtaka,
 - k) þátttaka í starfsemi hryðjuverkasamtaka, þ.m.t. með því að útvega upplýsingar eða aðbúnað eða með hvers konar fjármögnun á starfsemi þeirra, vitandi að slík þátttaka muni stuðla að brotastarfsemi samtakanna,
 - l) ólögleg kerfistruflun eða hótun um að framkvæma ólöglega kerfistruflun, eins og um getur í 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/40/ESB ⁽⁸⁾ í þeim tilvikum þar sem 3. mgr. 9. gr. eða b- eða c-liður 4. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar gildir og ólöglegt gagnatruflun eða hótun um að framkvæma ólöglegt gagnatruflun, eins og um getur í 5. gr. tilskipunarinnar, í þeim tilvikum þar sem c-liður 4. mgr. 9. gr. tilskipunarinnar gildir,
 - j) „hryðjuverkasamtök“: skipulögð samtök sem samanstanda af fleiri en tveimur aðilum, sem fyrirfinnast á ákveðnu tímabili og starfa saman af því að fremja hryðjuverk. „Samhæfð samtök“: samtök sem eru ekki mynduð með tilviljunarkenndum hætti til að fremja hryðjuverk þegar í stað og þar sem hlutverkaskipting meðlima þarf ekki að vera formlega ákveðin, þátttaka í þeim varanleg eða uppbygging þeirra fastmótuð,
 - k) „að eiga lögaðila, hóp eða rekstrareiningu“: að hafa umráð yfir 50% eða meira af eignarrétti lögaðila, hóps eða rekstrareiningar eða að hafa meirihluta hlutdeild í þeim,
 - l) „að stjórna lögaðila, hópi eða rekstrareiningu“: merkir, en takmarkast þó ekki við:
 - i. að hafa rétt til eða nýta sér vald til að skipa eða leysa frá störfum meirihluta manna í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn slíks lögaðila, hóps eða rekstrareiningar,
 - ii. að hafa, einungis með beitingu atkvæðisréttar, skipað meirihluta þeirra sem sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn lögaðila, hóps eða rekstrareiningar sem hafa gegnt störfum á yfirstandandi og fyrra fjárhagsári,
 - iii. að einn stjórnari meirihluta atkvæða hluthafa eða félaga í lögaðila, hópi eða rekstrareiningu samkvæmt samningi við aðra hluthafa eða félaga í þeim lögaðila, hópi eða rekstrareiningu,
 - iv. að hafa rétt til að hafa ráðandi áhrif í lögaðila, hópi eða rekstrareiningu, samkvæmt samningi sem gerður er við viðkomandi lögaðila, hóp eða rekstrareiningu eða samkvæmt ákvæði í stofnsamningi eða samþykktum viðkomandi, enda heimili lög sem gilda um viðkomandi lögaðila, hóp eða rekstrareiningu að hann eða hún sé bundin af slíkum samningi eða ákvæði,
 - v. að hafa í reynd vald til að nýta sér réttinn til að hafa ráðandi áhrif er um getur í d-lið án þess að vera handhafi þess réttar,

- vi. að hafa rétt til að nota allar eignir lögaðila, hóps eða rekstrareiningar eða hluta þeirra,
- vii. að stjórna starfsemi lögaðila, hóps eða rekstrareiningar á sameiginlegum grunni og birta jafnframt samstæðureikningsskil,
- viii. að undirgangast, einn fyrir alla og allir fyrir einn, fjárskuldbindingar lögaðila, hóps eða rekstrareiningar eða ábyrgjast þær.

2) Í stað 2. gr. kemur eftirfarandi:

„2. gr.

1. Frysta skal alla fjármuni og efnahagslegan auð sem tilheyra, eru í eigu, í vörslu eða undir stjórn einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareininga sem eru á skrá í II. og III. viðauka.
2. Engir fjármunir eða efnahagslegur auður skal gerður aðgengilegur þeim einstaklingum, lögaðilum, hópum eða rekstrareiningum sem eru á skrá í II. og III. viðauka, með beinum eða óbeinum hætti, eða koma þeim til góða.
3. Í II. viðauka skal tilgreina einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareiningar sem fremja eða gera tilraun til að fremja hryðjuverk eða taka þátt í eða auðvelda framkvæmd hryðjuverka og sem lögbært stjórnvald hefur tekið ákvörðun um eins og um getur í 4. mgr.
4. Skráin í II. viðauka skal tekin saman á grundvelli nákvæmra upplýsinga eða gagna í viðkomandi skrá sem sýna fram á að lögbært stjórnvald hafi tekið ákvörðun að því er varðar viðkomandi einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareiningar um að hefja rannsókn á eða saksókn vegna hryðjuverka, tilraunar til að fremja, taka þátt í eða auðvelda slíkan verknað, á grundvelli alvarlegra og trúverðugra sönnunargagna eða vísbendinga, eða dóm fyrir slíkan verknað.
5. Að því er 4. mgr. varðar merkir „lögbært stjórnvald“ dómsyfirvald eða, ef dómsyfirvöld hafa engar valdheimildir á því sviði sem fellur undir þá málsgrein, samsvarandi lögbært stjórnvald á því sviði.
6. Í III. viðauka skal tilgreina:
 - a) lögaðila, hópa eða rekstrareiningar sem eru með beinum eða óbeinum hætti í eigu eða undir stjórn eins eða fleiri einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareininga sem eru á skrá í II. viðauka,
 - b) einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareiningar sem koma fram fyrir hönd eða starfa eftir fyrirmælum eins eða fleiri einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareininga sem eru á skrá í II. viðauka,
 - c) leiðandi aðila hjá lögaðilum, hópum eða rekstrareiningum sem eru á skrá í II. viðauka,
 - d) einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareiningar sem tengjast einstaklingum, lögaðilum, hópum eða rekstrareiningum sem eru á skrá í II. viðauka, þ.m.t. með því:
 - i. að taka þátt í að fjármagna hryðjuverk sem framin eru af hálfu, í tengslum við, í nafni, fyrir hönd eða til stuðnings einstaklingum, lögaðilum, hópum eða rekstrareiningum sem eru á skrá í II. viðauka,
 - ii. að taka þátt í að skipuleggja, auðvelda, undirbúa eða fremja hryðjuverk sem framin eru af, í tengslum við, í nafni, fyrir hönd eða til stuðnings einstaklingum, lögaðilum, hópum eða rekstrareiningum sem eru á skrá í II. viðauka,
 - iii. að veita eða hljóta þjálfun í að fremja hryðjuverk, s.s. tilsögn í tengslum við vopn, sprengibúnað eða aðrar aðferðir eða tækni, sem kemur einstaklingum, lögaðilum, hópum eða rekstrareiningum sem eru á skrá í II. viðauka til góða eða
 - iv. að taka þátt í liðssöfnun til góða fyrir einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareiningar í því skyni að skipuleggja, auðvelda, undirbúa eða fremja hryðjuverk sem eru á skrá í II. viðauka.“

3) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„2. gr. a

1. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 2. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja víðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að viðkomandi fjármunir eða efnahagslegur auður sé:

- a) nauðsynlegur til að uppfylla grunnþarfir þeirra einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareininga sem eru á skrá í II. og III. viðauka og aðstandenda á framfæri einstaklinganna, þ.m.t. greiðslur vegna matarkaupa, leigu eða veðlána, lyfja og lækni meðferðar, skattheimtu, tryggingariðgjalda og opinberra þjónustugjalda,

- b) eingöngu ætlaður til að greiða hæfilega sérfræðiþóknun eða til endurgreiðslu kostnaðar vegna lögfræðiþjónustu,
 - c) eingöngu ætlaður til að greiða þóknunir eða þjónustugjöld fyrir venjubundna vörslu eða umsýslu frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs,
 - d) nauðsynlegur vegna óvenjulegra útgjalda, að því tilskildu að viðkomandi lögbært stjórnvald hafi tilkynnt lögbærum stjórnvöldum hinna aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni forsendurnar fyrir því að það telji að veita ætti sérstaka heimild, a.m.k. tveimur vikum áður en heimildin er veitt eða
 - e) til þess að greiða inn á eða út af reikningi sendi- eða ræðisskrifstofu eða alþjóðastofnunar, sem nýtur friðhelgi að þjóðarétti, að því leyti sem slíkar greiðslur eru ætlaðar til nota í opinberum tilgangi af hálfu viðkomandi sendi- eða ræðisskrifstofu eða alþjóðastofnunar.
2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 1. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

2. gr. b

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 2. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrystur, að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:
- a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður sé andlag ákvörðunar gerðardóms, sem fyrir liggur fyrir þann dag þegar viðkomandi einstaklingur, lögaðili, hópur eða rekstrareining, er um getur í 2. gr., var færð á skrá í II. eða III. viðauka, eða andlag ákvörðunar dómstóls eða stjórnvalds innan Sambandsins eða ákvörðunar dómstóls sem er aðfararhæf í viðkomandi aðildarríki fyrir eða eftir þann dag,
 - b) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði einungis notaður til að uppfylla kröfur, sem slík ákvörðun tryggir eða sem viðurkennt er að séu gildar samkvæmt slíkri ákvörðun, innan þeirra marka sem gildandi lög og reglur um réttindi þeirra aðila, sem eiga slíkar kröfur, kveða á um,
 - c) að ákvörðunin sé ekki í þágu einstaklings, lögaðila, hóps eða rekstrareiningar, sem er á skrá í II. eða III. viðauka, og
 - d) að viðurkenning ákvörðunarinnar stríði ekki gegn allsherjarreglu í hlutaðeigandi aðildarríki.
2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 1. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

2. gr. c

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 2. gr. og að því tilskildu að greiðsla einstaklings, lögaðila, hóps eða rekstrareiningar sem er á skrá í II. eða III. viðauka eigi að fara fram samkvæmt samningi eða samkomulagi sem viðkomandi einstaklingur, lögaðili, hópur eða rekstrareining gerði, eða samkvæmt skuldbindingu sem viðkomandi bar að sinna fyrir þann dag er einstaklingurinn, lögaðilinn, hópurinn eða rekstrareiningin hafði verið skráð í II. eða III. viðauka, geta lögbær stjórnvöld heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, affrystingu tiltekinna frystra fjármuna eða efnahagslegs auðs, að því tilskildu að viðkomandi lögbær stjórnvöld hafi komist að raun um:
- a) að fjármunirnir eða hinn efnahagslegi auður verði notaður sem greiðsla af hálfu einstaklings, lögaðila, hóps eða rekstrareiningar sem er á skrá í II. eða III. viðauka og
 - b) að greiðslan sé ekki brot á 2. mgr. 2. gr.
2. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 1. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 4) Í stað 3. gr. kemur eftirfarandi:

„3. gr.

- 1. Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits eða af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönnin í þessari reglugerð eru sniðgengin.
- 2. Hvers konar vinnsla persónuupplýsinga skal fara fram í samræmi við þessa reglugerð og reglugerðir (ESB) 2016/679 og (ESB) 2018/1725 og einungis að því marki sem nauðsynlegt er vegna beitingar þessarar reglugerðar.“

- 5) Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:

„4. gr.

- 1. Einstaklingar, lögaðilar, hópar og rekstrareiningar skulu:

- a) veita lögbæru stjórnvaldi í því aðildarríki þar sem þau hafa heimilisfesti eða eru staðsett án tafar allar upplýsingar sem gætu auðveldað að farið sé að ákvæðum reglugerðar þessarar, s.s. upplýsingar um reikninga og fjárhæðir sem hafa verið fryst skv. 1. mgr. 2. gr., og senda framkvæmdastjórninni þessar upplýsingar milliliðalaust eða fyrir atbeina aðildarríkisins og
 - b) vinna með lögbæra stjórnvaldinu að því að sannreyna þær upplýsingar sem um getur í a-lið.
2. Skyldan skv. 1. mgr. gildir með fyrirvara um reglur varðandi trúnað um upplýsingar í vörslu dómsyfirvalda og í samræmi við það að virtur sé trúnaður í samskiptum milli lögmanna og skjólstæðinga þeirra sem tryggður er í 7. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Í þessu skyni ná slík samskipti einnig til samskipta sem varða lögfræðiráðgjöf sem veitt er af öðrum sérfræðingum með máflutningsleyfi samkvæmt landslögum til að flytja mál fyrir skjólstæðinga sína fyrir dómstólum, að svo miklu leyti sem slík lögfræðiráðgjöf er veitt í tengslum við yfirstandandi eða væntanlega dómsmeðferð.
3. Allar viðbótarupplýsingar, sem framkvæmdastjórnin veitir viðtöku beint, skulu gerðar aðgengilegar aðildarríkjunum.
4. Allar upplýsingar, sem eru látnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.
5. Lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna, þ.m.t. fullnustuyfirvöld, tollayfirvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 ⁽⁹⁾“, lögbær stjórnvöld í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 ⁽¹⁰⁾“, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 ⁽¹¹⁾“ og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB ⁽¹²⁾“, auk stjórnenda opinberra skráa þar sem einstaklingar, lög-aðilar, hópar og rekstrareiningar, ásamt lausafé og fasteignum, eru skráð, skulu vinna og skiptast án tafar á upplýsingum, þ.m.t. persónuupplýsingum og, ef nauðsyn krefur, upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar við önnur lögbær stjórnvöld aðildarríkis þeirra, annarra aðildarríkja og framkvæmdastjórnina, ef slík vinnsla og skipti eru nauðsynleg til að inna af hendi verkefni vinnsluyfirvaldsins eða viðtökuyfirvaldsins samkvæmt þessari reglugerð, einkum þegar þau verða vör við brot eða sniðgöngu, eða tilraunir til brota eða sniðgöngu, á þeim bönnum sem sett eru fram í þessari reglugerð.
- 6) Í stað 5. gr. kemur eftirfarandi:

„5. gr.

1. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. koma ekki í veg fyrir að fjármála- eða lánastofnanir, sem taka við fjármunum sem þriðju aðilar yfirfæra inn á reikninga einstaklings, lögaðila, hóps eða rekstrareiningar sem er á skrá, færi þá til tekna á frystum reikningum, að því tilskildu að það viðbótarfé sem þannig er fært á slíka reikninga sé einnig fryst. Hlutaðeigandi fjármála- eða lánastofnun skal tilkynna viðkomandi lögbæru stjórnvaldi um slík viðskipti án tafar.
 2. Ákvæði 2. mgr. 2. gr. gildir ekki um eftirtaldar viðbætur við frysta reikninga:
 - a) vexti eða aðrar tekjur af fyrrnefndum reikningum,
 - b) greiðslur, sem inna ber af hendi samkvæmt samningum, samkomulagi eða skuldbindingum sem gengið var frá eða urðu til fyrir þann dag sem viðkomandi einstaklingur, lögaðili, hópur eða rekstrareining, sem um getur í 2. gr., var færð á skrá í II. eða III. viðauka eða
 - c) greiðslur, sem inna ber af hendi samkvæmt ákvörðunum dóms, stjórnarsýslustofnunar eða gerðardóms sem teknar eru í aðildarríki eða eru aðfararhæfar í viðkomandi aðildarríki,

að því tilskildu að slíkir vextir, aðrar tekjur og greiðslur séu fryst skv. 1. mgr. 2. gr.“
- 7) Í stað 6. gr. kemur eftirfarandi:

„6. gr.

1. Ákvæði 1. og 2. mgr. 2. gr. gilda ekki um það þegar nauðsynlegir fjármunir eða efnahagslegur auður er gerður aðgengilegur til að tryggja að veita megi tímanlega mannúðaraðstoð eða styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks þegar slík aðstoð og önnur starfsemi er framkvæmd af hálfu:
 - a) Sameinuðu þjóðanna (SP), þ.m.t. áætlana þeirra, sjóða og annarra rekstrareininga og stofnana, sem og sérstofnana þeirra og tengdra stofnana,
 - b) alþjóðastofnana,
 - c) stofnana á sviði mannúðarmála sem hafa stöðu áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi SP og aðila að þessum mannúðarstofnunum,

- d) frjálsra félagasamtaka með tvíhliða eða marghliða fjármögnun sem taka þátt í viðbragðsáætlunum SP um mannúðaraðstoð, viðbragðsáætlunum SP vegna flóttafólks, öðrum ákøllum SP eða klösum á sviði mannúðarmála sem samhæfingarskrifstofa aðgerða SP í mannúðarmálum samhæfir,
 - e) samtaka og fagstofnana, sem Sambandið hefur veitt vottorð um samstarf í mannúðarmálum (e. Humanitarian Partnership Certificate) eða sem hafa vottun eða viðurkenningu frá aðildarríki í samræmi við landsbundna málsmeðferð,
 - f) sérstofnana aðildarríkjanna,
 - g) starfsfólks, styrkþega, dótturfélaga eða framkvæmdaraðila þeirra rekstrareininga sem um getur í a- til f-lið á meðan og að því marki sem þeir starfa í þessum stöðum.
2. Með fyrirvara um 1. mgr. og þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 2. gr. geta lögbær stjórnvöld heimilað að tilteknir frystir fjármunir eða efnahagslegur auður verði affrustur eða að tilteknir fjármunir eða efnahagslegur auður verði gerður aðgengilegur samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, eftir að hafa gengið úr skugga um að þessir fjármunir eða efnahagslegur auður sé nauðsynlegur til að tryggja megi tímanlega mannúðaraðstoð eða til að styðja við aðra starfsemi sem styður við grunnþarfir fólks.
3. Ef ekki liggur fyrir neikvæð ákvörðun, beiðni um upplýsingar eða tilkynning um viðbótartíma frá viðkomandi lögbæru stjórnvaldi innan fimm virkra daga frá viðtökudegi beiðni um heimild skv. 2. mgr. skal líta svo á að heimildin hafi verið veitt.
4. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 2. mgr. innan fjögurra vikna frá því að hún er veitt.
5. Ákvæði 1. og 2. mgr. skal endurskoða á a.m.k. 24 mánaða fresti eða að brýnni beiðni aðildarríkis, æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum eða framkvæmdastjórnarinnar í kjölfar grundvallar-breytinga á aðstæðum.
6. Ákvæði 1. mgr. gilda til 22. febrúar 2027.“
- 8) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„6. gr. a

- 1. Ef fjármunir eða efnahagslegur auður er frystur, eða ef synjað er um aðgang að fjármunum eða efnahagslegum auði, í góðri trú, á þeirri forsendu að slík aðgerð sé í samræmi við reglugerð þessa, bera þeir einstaklingar, lögaðilar, hópar eða rekstrareiningar, sem annast framkvæmd slíkrar aðgerðar eða hlutað-eigandi stjórnendur eða starfsmenn, ekki ábyrgð af neinu tagi nema sannað þyki að fjármunirnir og hinn efnahagslegi auður hafi verið frystir eða synjað hafi verið um aðgang að þeim af gáleysi.
- 2. Aðgerðir einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareininga skapar þeim ekki ábyrgð af neinu tagi, ef þeir eða þær vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu fara í bága við þau bönn sem sett eru í þessari reglugerð.

6. gr. b

- 1. Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum þegar aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, hafa áhrif á framkvæmd þeirra með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysisbætur eða aðrar ámóta kröfur, t.d. bótakröfur eða kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa, ábyrgðar eða skaðleysisbóta og þá sérstaklega fjárhagslegrar ábyrgðar eða fjárhagslegra skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:
 - a) einstaklingum, lögaðilum, hópum eða rekstrareiningum sem eru á skrá í II. eða III. viðauka,
 - b) einstaklingi, lögaðila, hópi eða rekstrareiningu sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareininga er um getur í a-lið.
 - 2. Þegar mál er til meðferðar vegna fullnægingar kröfu skal sönnunarbyrði vegna þeirrar fullyrðingar að eigi sé bannað skv. 1. mgr. að efna kröfuna hvíla á þeim einstaklingi, lögaðila, hópi eða rekstrareiningu sem leitar eftir því að kröfunni verði fullnægt.
 - 3. Ákvæði þessarar greinar eru með fyrirvara um rétt þeirra einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareininga, er um getur í 1. mgr., til að skjóta málum til dómstóla sem skeri úr um lögmati þess að samningsbundnar skyldur séu ekki uppfylltar í samræmi við reglugerð þessa.“
- 9) Í stað 7. gr. kemur eftirfarandi:

„7. gr.

1. Ráðið skal gera breytingar á II. og III. viðauka á grundvelli ákvarðana ráðsins vegna I. og II. viðauka við ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2026/455 ⁽¹³⁾“.

2. Ráðið skal tilkynna ákvörðunina, sem um getur í 1. mgr., m.a. ástæðu þess að viðkomandi er færður á skrá, þeim einstaklingi, lögaðila, hópi eða rekstrareiningu sem í hlut á, ef heimilisfang viðkomandi er þekkt, eða, ef heimilisfangið er óþekkt, vekja athygli einstaklingsins, lögaðilans, hópsins eða rekstrareiningarinnar sem um ræðir á ákvörðuninni með útgáfu tilkynningar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, þar sem fyrrnefndum einstaklingi, lögaðila, hópi eða rekstrareiningu býðst að leggja fram athugasemdir sínar í hvoru tilvikinu sem er.

3. Ef athugasemdir eru gerðar eða traust, ný gögn lögð fram skal ráðið endurskoða ákvörðun sína í ljósi athugasemdanna eða nýju gagnanna sem lögð voru fram og annarra viðeigandi upplýsinga og getur ráðið í framhaldinu breytt II. og III. viðauka samkvæmt málsmeðferðinni í 1. mgr. Einstaklingurinn eða lögaðilinn skal upplýstur um niðurstöður endurskoðunarinnar.

4. Framkvæmdastjórnin skal breyta I. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té.

10) Eftirfarandi grein er bætt við:

„7. gr. a

Í II. og III. viðauka skulu vera nauðsynlegar upplýsingar, ef þær liggja fyrir, til að bera kennsl á viðkomandi einstaklinga, lögaðila, hópa eða rekstrareiningar. Að því er einstaklinga varðar geta þessar upplýsingar verið nöfn þeirra og tökuheiti, fæðingardagur, -ár og -staður, ríkisfang, númer vegabréfs og kennivottorðs, kyn, heimilisfang, ef það er þekkt, og hlutverk eða starf. Að því er varðar lögaðila, hópa eða rekstrareiningar geta þessar upplýsingar verið m.a. nöfn, skráningarstaður og -dagsetning, skráningarnúmer og starfsstöð.“

11) Í stað 8. gr. kemur eftirfarandi:

„8. gr.

1. Framkvæmdastjórnin og aðildarríki skulu upplýsa hvert annað um þær aðgerðir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og veita hvert öðru aðrar upplýsingar, sem máli skipta og þau búa yfir, í tengslum við reglugerð þessa, einkum upplýsingar er varða:

- a) frysta fjármuni skv. 2. gr. og heimildir sem veittar eru samkvæmt undanþágunum sem eru settar fram í þessari reglugerð,
- b) brot á ákvæðum og vandkvæði samfara framkvæmd hennar, ásamt upplýsingum um dóma innlendra dómstóla.

2. Aðildarríkin skulu tafarlaust upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um aðrar viðeigandi upplýsingar sem þau búa yfir og gætu haft áhrif á skilvirka framkvæmd reglugerðar þessarar.“

12) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„8. gr. a

1. Ráðið, framkvæmdastjórnin og æðsti fulltrúi Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum („æðsti fulltrúinn“) mega vinna persónuupplýsingar til að geta sinnt verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð. Verkefni eru:

- a) að því er varðar ráðið, að undirbúa og gera breytingar á II. og III. viðauka,
- b) að því er varðar æðsta fulltrúann, að undirbúa breytingar á II. og III. viðauka og
- c) að því er varðar framkvæmdastjórnina:
 - i. að bæta efni II. og III. viðauka við rafrænu samsteyptu skrána yfir einstaklinga, lögaðila, hópa og rekstrareiningar sem sæta fjárhagslegum refsiaðgerðum Sambandsins og á gagnvirka kortið yfir refsiaðgerðir, sem bæði eru aðgengileg almenningi,
 - ii. að vinna upplýsingar um áhrif ráðstafana þessarar reglugerðar, s.s. um verðmæti frystra fjármuna og upplýsingar um heimildir sem lögbær stjórnvöld hafa veitt.

2. Að því er þessa reglugerð varðar eru ráðið, framkvæmdastjórnin og æðsti fulltrúinn tilgreind sem „ábyrgðaraðili“ í skilningi 8. liðar 3. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1725, í tengslum við þá vinnslu sem er nauðsynleg til að vinna þau verkefni sem um getur í 1. mgr.

8. gr. b

1. Aðildarríkin skulu tilnefna þau lögbæru stjórnvöld er um getur í reglugerð þessari og tilgreina þau á vefsetrunum sem eru á skrá í I. viðauka. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hvers kyns breytingar á vefköngum vefsetra sinna sem eru á skrá í I. viðauka.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hver lögbær stjórnvöld þeirra eru, m.a. um hvernig ná má sambandi við þau, strax eftir að þessi reglugerð öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.
3. Sé gerð krafa, samkvæmt þessari reglugerð, um að senda framkvæmdastjórninni tilkynningar eða upplýsingar eða hafa samband við hana á annan hátt skulu heimilisfang og aðrar samskiptaupplýsingar, sem nota skal til slíkra samskipta, vera þær sem gefnar eru upp í I. viðauka.

8. gr. c

Allar upplýsingar, sem eru látnar í té eða veitt viðtaka samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, eru eingöngu ætlaðar til notkunar í sama tilgangi og leiddi til þess að þær voru veittar eða þeim veitt viðtaka.“

- 13) Í stað 9. gr. kemur eftirfarandi:

„9. gr.

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög, þ.m.t. refsiviðurlög, eftir því sem við á, við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlög, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og hafa varnaðaráhrif. Aðildarríkin skulu einnig kveða á um viðeigandi ráðstafanir til að gera ágóða af slíkum brotum upptækan.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær reglur, sem um getur í 1. mgr., strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.“

- 14) Í stað 10. gr. kemur eftirfarandi:

„10. gr.

Reglugerð þessi gildir:

- a) á yferráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. í loftrými þess,
- b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- c) um sérhvern einstakling innan eða utan yferráðasvæðis Sambandsins sem er ríkisborgari í aðildarríki,
- d) um sérhvern lögaðila, hóp eða rekstrareiningu, innan eða utan yferráðasvæðis Sambandsins, sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,
- e) um sérhvern lögaðila, hóp eða rekstrareiningu að því er varðar viðskipti sem fara fram, að öllu leyti eða að hluta, innan Sambandsins.“

- 15) Í stað 11. gr. kemur eftirfarandi:

„11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.“

- 16) Í stað viðaukans kemur texti I. viðauka við þessa reglugerð.
- 17) Ákvæðum II. viðauka er bætt við í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.
- 18) Ákvæðum III. viðauka er bætt við í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2025/1578 og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2026/420 eru hér með felldar úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2026.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti

M. DAMIANOS

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2026/455, 26.2.2026, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2026/455/oj>.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2580/2001 frá 27. desember 2001 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í því skyni að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi (Stjtið. EB L 344, 28.12.2001, bls. 70, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2001/2580/oj>).

⁽³⁾ Sameiginleg afstaða ráðsins 2001/931/SSUÓ frá 27. desember 2001 um beitingu sértækra ráðstafana í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi (Stjtið. EB L 344, 28.12.2001, bls. 93, ELI: <http://data.europa.eu/eli/compos/2001/931/oj>).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2016/679/oj>).

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1725 frá 23. október 2018 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu meginstofnana, stofnana, skrifstofa og fagstofnana Sambandsins á persónuupplýsingum og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og ákvörðunar nr. 1247/2002/EB (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 39, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2018/1725/oj>).

⁽⁶⁾ Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2025/1578 frá 29. júlí 2025 um framkvæmd 3. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2580/2001 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í því skyni að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi (Stjtið. ESB L, 2025/206 (Stjtið. ESB L, 2025/1578, 30.7.2025, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2025/1578/oj).

⁽⁷⁾ Framkvæmdarreglugerð ráðsins (ESB) 2026/420 frá 19. febrúar 2026 um framkvæmd 3. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 2580/2001 um sérstakar þvingunaraðgerðir sem er beint gegn tilteknum aðilum og rekstrareiningum í því skyni að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi (Stjtið. ESB L, 2026/420, 19.2.2026, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2026/420/oj).

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/40/ESB frá 12. ágúst 2013 um árásir gegn upplýsingakerfum og um að skipta út rammaákvörðun ráðsins 2005/222/DIM (Stjtið. ESB L 218, 14.8.2013, bls. 8, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2013/40/oj>).

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 952/2013 frá 9. október 2013 um tollalög Sambandsins (Stjtið. ESB L 269, 10.10.2013, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/952/oj>).

⁽¹⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur fyrir lánastofnanir og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2013/575/oj>).

⁽¹¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverka, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB (Stjtið. ESB L 141, 5.6.2015, bls. 73, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2015/849/oj>).

⁽¹²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálageminga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2014/65/oj>).

⁽¹³⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÓ) 2026/455 frá 26. febrúar 2026 um þvingunaraðgerðir í því skyni að berjast gegn hryðjuverkastarfsemi, um niðurfellingu á 2., 3. og 3. gr. a í sameiginlegri afstöðu 2001/931/SSUÓ um beitingu sértækra ráðstafana í baráttunni gegn hryðjuverkastarfsemi og um niðurfellingu ákvörðunar (SSUÓ) 2025/1577 og ákvörðunar (SSUÓ) 2026/421 (Stjtið. ESB L, 2026/455, 26.2.2026, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2026/455/oj>).